



ÚRGANGUR Í LANGANESBYGGGÐ

2025

Skýrsla umhverfisfulltrúa
Langanesbyggðar um stöðu, þróun
og framtíðaráform
úrgangsstjórnunar í Langanesbyggð
ásamt tillögum til sveitarstjórnar
Langanesbyggðar.

Almar Marinósson
Umhverfisfulltrúi Langanesbyggðar

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Móttökustöð fyrir úrgang við Háholt á Þórshöfn og grenndarstöðvar sveitarfélagsins	3
Fyrirkomulag úrgangsstjórnunar í völdum sveitarfélögum.....	4
Rekstur úrgangsmála Langanesbyggðar 2023/24 og framtíðaráform	5
Sviðsmyndir úrgangskerfa í Langanesbyggð	6
Samrekstur sveitarfélaga	8
Lífrænn úrgangur heimila.....	8
Sviðsmyndir fyrir sérstaka söfnun og losun móttöku og grenndargáma	9
Gjaldtaka við sorphirðu, sorpmóttöku og sorpeyðingu	10
Úrvinnslusjóður	10
Flokkar úrgangs og tillögur við ráðstöfun.....	11
Tillögur umhverfisfulltrúa til úrgangsstjórnunar í Langanesbyggð	12
Viðauki 1.....	14
Viðauki 2.....	15
Viðauki 3.....	16

Inngangur

Á árinu 2023 tóku gildi ný lög um meðhöndlun úrgangs og í kjölfarið ákvað sveitarstjórn Langanesbyggðar að ráðast í fjárfestingar í úrgangsstjórnun. Einnig var ráðinn umhverfisfulltrúi til að tryggja að úrgangsmál væru í forgangi innan sveitarfélagsins. Þessi skýrsla og tillögur hennar byggja á þessum forsendum, ásamt athugunum í öðrum sveitarfélögum og skilningi á lögum og reglugerðum um meðhöndlun úrgangs.

Íslenska gámafélagið (ÍGF) hefur undanfarin ár séð um alla meðhöndlun og flutning á úrgangi í Langanesbyggð með undantekningartilfellum að undangengnum útboðum, en Sel ehf frá Kópaskeri hefur sinnt þeim hluta sem áður var Svalbarðshreppur með óbreyttu sniði. Síðastliðin útboð úrgangsstjórnunar hafa aðeins skilað einu tilboði sem barst á réttum tíma og gengið var til samninga við ÍGF eftir að því tilboði var hafnað. Verksamningur var undirritaður 20. október 2021 og gildi til 31. desember 2023. Í kjölfarið hafa áðurnefndir verktakar sinnt þjónustu áfram með heiðursmannasamkomulagi uns endanleg ákvörðun um fyrirkomulag úrgangsmála liggur fyrir.

Megin áskorun er að samræma tekjur og gjöld í úrgangsstjórnun í samræmi við lög og reglur, og tryggja að greiðslukerfi sé réttlátt – þannig að þeir sem flokka vel og nýta hluti beri minni kostnað. Kerfi sem byggir á „borgað þegar hent er“ (þar sem mælt er magn úrgangs) er til umræðu, þó að innleiðing slíkra kerfa sé breytileg milli sveitarfélaga, og hefur tekið á sig nokkrar útfærslur.

Í Langanesbyggð eru fjögur svæði til skila á úrgangi fyrir íbúa og verktaka: móttökustöð við Háholt á Þórshöfn, grenndarstöð við Svalbarð, grenndarstöð við Laxá og grenndarsvæði á Bakkafirði. Þó er það svæði óskipulagt og fremur byggt á venju fremur en völdu skipulagi. Skipulag og skilgreining á þessum stöðvum þarf að endurskoða og styrkja svo kerfið verði skilvirkara og í samræmi við lög. Athuga þarf með aðgangsstýringu og greiðslufyrirkomulag við skil á úrgangi á grenndarstöðvum og taka til greina aðstæður á hverjum stað.

Úrgangspjónustuna þarf að endurskoða með það fyrir augum að finna lausn sem fellur að samfélagi sveitarfélagsins — þar sem endurvinnsla og flokkun fái hagræna hvata fyrir íbúa og fyrirtæki sem verði til að kostnaður samfélagsins minnkar í heild. Einnig þarf að tryggja gott aðgengi utan opnunartíma og greiðslukerfi sem byggir á raunverulegum mælingum og flokkun til að mæta ólíkum þörfum íbúa og fyrirtækja. Sveitarfélagið er vel í stakk búið eftir byggingu móttökustöðvar að vera til fyrirmyndar fyrir önnur sveitarfélög þegar kemur að úrgangsstjórnun með áherslu á hagkvæmni og umhverfisáhrif.

Allar upphæðir sem nefndar eru í skýrslu þessari eru upphæðir m/vsk.

Móttökustöð fyrir úrgang við Háholt á Þórshöfn og grenndarstöðvar sveitarfélagsins

Fjárfestingar sveitarfélagsins við Háholt munu að öllum líkindum verða nær þeim kostnaðaráætlunum sem lagt var upp með þegar frágangur lóðar og girt hefur verið af. Verklok eru óviss þar sem lokafrágangur á húsi hefur dregist langt fram úr hófi vegna mistaka sem gerð voru við uppsetningu. Áætlun er um að vinnu við húsið sjálft án frágangs lóðar verði lokið snemma á árinu 2026.

Aðgengi á lokunartíma móttökustöðvar er ætlað að verði með lúgukerfi sem á sér fyrirmynd á Vopnafirði, en finnst víðar. Skoðaðar eru lausnir á aðgangsstýringum og sótt var um styrk til Orkusjóðs að greiða fyrir rafrænu aðgangsstýringarkerfi, sjálfvirku gjaldkerfi og vöktun móttökustöðvarinnar. Slíkt kerfi yrði nýjung á Íslandi og hafa sveitarfélög veigrað sig við uppsetningu af ótta við háan kostnað og flókin eftirlitskerfi.

Samkvæmt verðathugun má gera ráð fyrir að 8 lúgur kosti um 2 m.kr. í innkaupum án uppsetningar með rafrænni opnun án aðgangsstýringar. Hægt er að hefja rekstur á lúgum án endurgjalds og því getur aðgengi verið almenn en eftirlit (myndavélakerfi) með réttri flokkun.

Gert var ráð fyrir fjárfestingu upp á um 20 m.kr. á árinu 2025 í tæki og búnað, en fjárfest var í rusla pressu og skotbómulyftara fyrir 10 m.kr., og tveimur 40" gámum fyrir 1,2 m.kr. Annar hugsanlegur búnaður væri trjáskurlari, vogir, rafmagnslyftari, stór vinnuborð og annar almennur viðgerða- og viðhaldsbúnaður. Líklegur kostnaður gæti verið um 12 m.kr. hið minnsta.

Tillaga af starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang og flutning úrgangs liggur fyrir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra og fylgir eintak af með skýrslunni. Í starfsleyfinu er gert ráð fyrir að allur úrgangur anna en seyra og mjög hættuleg efni verði til meðferðar.

Grenndarstöðvar eru margar hverjar orðnar smærri og dreifðari í flestum sveitarfélögum. Svæðisskipting Langanesbyggðar og stærðir byggðarkjarna kalla þó ekki á aðrar útfærslur en þær sem eru fyrir. Flokkun á grenndarstöðvum er mjög misjöfn og þar sem ekkert eftirlit hefur verið, hefur flokkun reynst óbótavant, og jafnvel til einskins fyrir endurvinnsluefni. Því er nauðsynlegt að viðhafa eftirlit með einhverjum hætti og þarf regluverk að gera ráð fyrir afleiðingum vegna rangrar flokkunar, þar sem gjaldskyldum úrgangi er hent í ógjaldskyldan flokk. Sú aðstaða sem er við Laxá er nokkuð sem byggja má á við útfærslu á Bakkafirði, en einnig koma aðrar og annars konar lausnir

til greina, eins og á hefðbundum grenndarsvæðum. Verið er að vinna að útfærslu með hverfisráði Bakkafjarðar.

Fyrirkomulag úrgangsstjórnunar í völdum sveitarfélögum

Sorpstöðin Strönd – Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

Sorpstöðin Strönd er í eigu sveitarfélaganna Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Ásahreppur. Þar fer fram öll meðhöndlun úrgangs sveitarfélaganna og hefur fyrirkomulagið gengið vel. Frá 2016 hafa sveitarfélögin séð alfarið um sérstaka söfnun án aðkomu þriðja aðila, í þeim tilgangi að hagræða og auka stjórn á ferlum. Þetta kallaði á fjárfestingar en hefur skilað verulegri lækkun rekstrarkostnaðar að sögn stjórnenda. Annað og meira var að mun auðveldara var að breyta ferlum og aðlaga nýjar aðferðir þar sem engin verklýsing verktaka lá að baki. Þá hefur sá sveigjanleiki oft orðið til mikillar hagræðingar. Jarðgerð fer fram utandyrá með ásættanlegum árangri. Fyrirtæki fá almennt ekki þjónustu aðra en móttaka úrgangs. Sorpstöðin rekur búnað í eigu sinni og hefur um 7–8 starfsfólk auk verktaka við sértaka söfnun. Íbúafjöldi í sveitarfélagunum er um 4300.

Sorpsamlag Strandasýslu

Sorpsamlag Strandasýslu, staðsett á Skeiði 3, Hólmavík, sinnir hreinni og sérstakri söfnun og þjónustu í sínum sveitarfélögum. Flutningur endurvinnsluefna fer eftir magni og aðstæðum og oft í samstarfi við Sorpu. Sömu sögu hafa stjórnendur af aðlögunarhæfni úrgangsstjórnunar og því hagræði sem í því flest. Jarðgerð fer fram í móttökustöð með minni ílátum við heimili og grenndarstöðvar. Kerfið er nýtt en viðtökurnar jákvæðar. Tunnur við húsvegg hafa verið í eigu íbúa, en fyrirtækið hefur ákveðið að yfirfara eignarhald og eignast ílát til að bæta stjórn og rekstur. Íbúafjöldi er um 560.

Þingeyjarsveit

Í Þingeyjarsveit er fyrirhugað útboð á allri úrgangsbjónustu, utan lífræns úrgangs heimila. Það hefur verið fjárfest í minni jarðgerðarvélum til heimila, sem er endanlegur farvegur lífræns úrgangs. Kerfið hefur ekki verið full innleitt og árangur því óviss, en væntingar eru góðar eftir íbúafundi og skoðun á valmöguleikum fyrir íbúa. Íbúafjöldi er um 870.

Vopnafjörður

Á Vopnafirði er ein tunna við húsvegg fyrir óflokkaðan úrgang, en endurvinnsluefni er skilað á móttökustöð eða grenndarstöð með lúgum utan á móttökustöð. Kerfið er einfalt og hagkvæmt en ekki í samræmi við lög um úrgangsstjórnun. Engin ákvörðun hefur verið tekin um breytingar í úrgangsstjórnun. Íbúafjöldi er um 650.

Norðurþing

Í Norðurþingi lauk nýlega útboði þar sem Terra mun taka við úrgangsstjórnun, áður sinnti ÍGF þeirri þjónustu. Í austurbyggðum sveitarfélagsins hefur Sel ehf annast úrgangspjónustu fyrir sveitarfélagið. Notað er fjórtunnukerfi við húsvegg og grenndar-/móttökustöðvar víða um sveitarfélagið. Íbúafjöldi er um 2 500.

Múlaþing

Í Múlaþingi sinnir Kubbur ehf. úrgangspjónustu samkvæmt útboði. Kerfið er fjórtunnukerfi við húsvegg og grenndar-/móttökustöðvar reknar víða í sveitarfélaginu. Lífrænn úrgangur er fluttur til jarðgerðar í Eyjafirði og molta fengin með til baka án endurgjalds. Íbúafjöldi er um 5200.

Sveitarfélagið Hornafjörður

Á Hornafirði er 3 og 4 tunnu kerfi og er lífrænum úrgangi komið fyrir utandyra í sveitarfélaginu og fara þar fram jarðgerðartilraunir með timburkurli og taði m.a. Val er um tunnugerð í lífrænu þar sem hólf er almennt í einni tunnu af þremur en val um fjórðu tunnuna, auk þess sem val er um tunnustærð í almennum (140/240ltr). Íbúafjöldi er um 2500.

Rekstur úrgangsmála Langesbyggðar 2023/24 og framtíðaráform

Rekstur úrgangsmála í Langesbyggð hafa verið í ójafnvægi milli tekna og gjalda; þ.e. sorphirðu- og sorpeyðingargjöld fasteignagjalda hafa ekki dugað fyrir rekstrarkostnaði og hefur verið halli á bilinu 24-35 m.kr á árunum 2023 og 2024. Heildarkostnaður hefur verið um 50-60 m.kr á ári en tekjurnar aðeins 15-18 m.kr. í formi sorpurðunar- og sorphirðugjalda, sem partur af fasteignagjöldum. Stærsti einstaki gjaldaliðurinn er aðkeypt vinna við sorphreinsun; 31m.kr og 32m.kr. Finna má rekstraryfirlit áranna 2023 og 2024 í viðauka 1, og hreyfingarlista úr bókhaldi sem sýna fyrrgreindar tekjur af fasteignagjöldum. Samtals greiddi sveitarfélagið rúmar 50 m.kr. árið 2024 til ÍGF fyrir alla veitta þjónustu við samsöfnun, flutning, losun og umsýslu fyrir heimilsúrgang og þjónustu við stofnanir sveitarfélagsins. Var sú upphæð rúmar 39 m.kr. árið 2023.

Í gögnum sem skýrsluhöfundur hefur undir höndum, en eru trúnaðarmál annara aðila, er greining á rekstri nokkurra sveitarfélaga annara landshluta og þar sést að þau sveitarfélög sem hafa eigin rekstur í sorphirðu og umsjón með móttöku- og grenndarstöðvum hafa náð jafnvægi á milli tekna og gjalda í úrgangsmálum. Þar má merkja að kostnaður hafi dregist saman en fjárfestingar aukist í tækjabúnaði og aðstöðu. Íbúar í sveitarfélögum þar sem þetta fyrirkomulag ríkir greiða ekki hærra eða lægra gjald að öllu jöfnu en íbúar þar sem einungis verktaka er við úrgangsstjórnun. Er það í samræmi við það sem skýrsluhöfundur hefur greint af viðræðum við stjórnendur nokkurra sorpsamlaga. Einnig hefur viðtækara samstarf milli sorpsamlaga gefið góða raun í því að finna hagkvæmari leiðir til úrgangsstjórnunar. Við samtölum við starfsfólk annara sveitarfélaga víða um land má finna að samkeppni við útboð hafi ekki leitt af sér minnkandi kostnað eins og gert hefur verið ráð fyrir. Þó er erfitt að fullyrða um ástæður þess þar sem almennur kostnaður við rekstur hefur hækkað umtalsvert á liðnum árum á landinu.

Nú þegar gjöld er varða úrgangsmál eiga að færast úr föstum gjöldum álagningarseðils og yfir í raunkostnað þess að taka á móti, meðhöndla og koma í réttan farveg, við hvern og einn notanda verða áskoranir verulegar þegar kemur að mælingum og skráningu á eðli og magni úrgangs hvers og eins notanda. Álagningu má þannig aðeins miða við þann raunkostnað sem er eftir þegar öllum úrvinnslugjöldum er skilað til sveitarfélaga. Er uppi ágreiningur um, hver sá raunkostaður er og hvernig megi finna hann út þar sem rekstur og aðferðir við úrgangsstjórnun er mjög mismunandi milli sveitarfélaga, sem virðast hafa mismunandi kostnað milli flokka. Einnig er deilt um hvaða þætti megi taka inn í gjalddöku við einstaka verkþátt; sorphirðu, meðhöndlun, einstaka þjónustuþætti við lögaðila o.fl.

Reikna má með, að gjaldskrár sveitarfélaga muni breytast lítið eftir innleiðingu þeirra, en þær hafa verið birtar nýlega í Norðurþingi, Múlaþingi og á Akureyri. Virðast þær taka á flestum þeim áskorunum sem hafa komið upp í gerð nýrra gjaldskráa með tilliti til þeirra flokka sem bera sérstakt gjald við losun úrgangs. Verðlagsbreytingar milli ára eru líklegastar til að halda í við verðlag miðað við þá útreikninga sem hafa farið í gerð þeirra og tillit til aðstæðna í hverju samfélagi.

Sviðsmyndir úrgangskerfa í Langanesbyggð

Leggja má upp með að þrjár megin leiðir sé til þess að haga rekstri úrgangsmála, þó fleiri komi til greina:

1. Eigin rekstur

2. Verktaka af undangenginni verðkönnun
3. Útboð

Eigin rekstur

Sveitarfélagið á og rekur: móttökustöð við Háholt (Þórshöfn), grenndarstöðvar á Bakkafirði og í Þistilfirði, lokaður urðunarstaður á Bakkafirði og Þórshöfn (eftirlit), sértaka söfnun úrgangs með sorphirðubílum (einn til vara), annast losun stærri gáma og fleta, starfsmannahald og annan tækjakost.

Áætlaðar fjárfestingar;

- 6 x 20 m³ opnir gámar (500.000–1.600.000 kr./stk.)
- 4 x 12 m³ lokaðir gámar (500.000–1.700.000 kr./stk.)
- 8 x 660 l kör (65.000 kr./stk.)
- 8 x 1.100 l kör (82.000 kr./stk.)
- Sorphirðubíll: 5–25 m.kr.
- Krókheysisbíl: 5–25 m.kr.

Flutningur á efnisflokkum getur verið mismunandi; sumar tegundir fara eftir hefðbundnum flutningsleiðum en aðrar þurfa sértakan flutning. Greitt er af Úrvinnslusjóði fyrir flutning og sérstaka söfnun, en sveitarfélög hafa upplifað að kostnaður við flutninga er hærri en endurgreiðslur. Kann skýringa að finna þar sem heildarkostaður fæst ekki endurgreiddur heldur er einingagjald greitt fyrir flokkaðan úrgang.

Verktaka að undangenginni verðkönnun

Þetta er óhefðbundin leið að hluta — úrvinnsla og söfnun skilgreind í þremur meginköflum: sérstök söfnun, meðhöndlun/flutningur og förgun. Verðkönnun er möguleg á minni verkþáttum — t.d. ársbundnum, tímabundnum eða afmörkuðum verkefnum. Samvinnuverkefni sveitarfélaga og sorpsamlaga um flutning og ráðstöfun erlendis hefur aukist í seinni tíð með fleiri tengiliðum í úrgangsmálum.

Útboð

Hefðbundin aðferð sveitarfélaga sem ráða þjónustu að einhverju eða öllu leyti. Við síðasta útboð fékkst eitt tilboð sem var hafnað og samið var við ÍGF um þjónustu. Útboð skila fyrirjáanlegum kostnaði, en forsendur geta breyst og aukið kostnað. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur unnið sniðmát fyrir útboð. Sum sveitarfélög hafa breytt kvöðum um tækjabúnað til að lækka kostnað.

Samrekstur sveitarfélaga

Samstarf í úrgangsmálum byggir á stærðarhagkvæmni og fjölda. Ekki þarf að vera um fullkomið sorpsamlag að ræða — samstarf getur falist í samnýtingu búnaðar, innkaupa, útboða eða annarra þátta. Sorpsamlög hafa gengið vel að mati þeirra sem rætt hefur verið við. Rætt hefur verið við starfsfólk umhverfissviðs Norðurlþings og sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps sem tekið hafa jákvætt í hugmyndir um samstarf af einhverjum toga. Samfélögin á svæðinu frá Öxarfirði til Vopnafjarðar eru áþekk að mjög mörgu leiti eru atvinnuvegir áþekkir þegar litið er til úrgangsmyndunar.

Slík áform þarf að ræða sérstaklega eftir ákvarðanir sveitarstjórar um aðferð við úrgangsstjórnun og því ekki reifað frekar.

Lífrænn úrgangur heimila

Samráðshópar sveitarfélaga hafa fjallað um sanngirni úrgangskerfa — lítið val fyrir notendur til þjónustustigs. Lífrænn úrgangur er sá flokkur sem mest er að þróast. Reglur um samsöfnun eru að molna upp og nýjar aðferðir í skoðun.

Samsöfnun í tunnu við húsvegg – hefðbundin aðferð þar sem heimili fá tunnu við húsvegg, inni ílát með bréfpoka fyrir lífrænan úrgang sem svo er losaður í sorpílat utandyra. Þessi aðferð krefst þess að jarðgera utandyra eða senda til Eyjafjarðar til jarðgerðar hjá Moltu.

Samsöfnun fötu á heimilum – Heimili fá fötur með loka (t.d. 3/5/10/20 l) og ákveðið er hvort þau skila á grenndarstöð eða við húsvegg. Efni fer í jarðgerð í móttökustöð. Ílátin aðgengileg utan opnunartíma í sérstökum grindum við móttökustöð/grenndarstöð. Samsöfnun getur átt sér stað á hefðbundnum vinnubíl eða álíka.

Afsetning á lífrænum úrgangi – jarðgerð – Jarðgerðarvélar eru til fyrir heimili (1 kg/klst.) upp í iðnvélar (125 kg/klst.). Heimilisvélar kosta 60–140 þús. kr., rekstrarkostnaður 5–40 þús. kr./ári. Stærri vélar (30–125 kg/24 std.) kosta 3–5 m.kr. + vsk. Sífelld fleiri sveitarfélög hafa tekið þessa aðferð upp að hluta eða heild þar sem tækni hefur fleygt fram og aðgengi og þekking aukist til muna.

Árið 2023 var kostnaður á Langanesbyggðar við að senda lífrænan úrgang heimila til jarðgerðar hjá Moltu í Eyjafirði um 3,6 m.kr. á ári og þá er ekki tekið tillit til fyrirtækja eða stofnana sem þurfa slíka þjónustu.

Sviðsmyndir fyrir sérstaka söfnun og losun móttöku og grenndargáma

Fjöldi tunna við húsvegg fer eftir því hvernig farið er með lífrænan úrgang. Ef hann er tekinn úr kerfinu, þarf þrjá flokka við húsvegg (pappa/pappír, plast, óflokkaður). Tíðni sorphirðu 3–5 vikur hjá óflokkuðum úrgangi virðist vera viðmið og 140/240ltr. tunnur við hefðbundið heimili. Mörg sveitarfélaga leggja áherslu á aðgengilega grenndar-/móttökustöð með endurvinnsluefnum til að bregðast við kvörtunum um fullar tunnur við heimili eða bjóða stærri ílát fyrir aukagjöld.

Algengustu sviðsmyndir eru losun á tveimur flokkum samtímis við húsvegg. Þar sem lífrænn úrgangur er losaður með sömu aðferð og annar úrgangur við húsvegg, er algengt að sá úrgangur sé losaður ávallt með öðrum úrgangi (plast + líf; pappi + líf; óflokkað + líf) en augljóslega fleiri ferðir er miðað við samskonar tunnustærðir. Annars er pappi þá losaður í hvert skipti er losun á sér stað þar sem hann er rúmfrekur í heimilisúrgangi og safnast hratt upp.

Framboð á fleiri tunnustærðum kallar á lagerhald af tunnustærðum og felur í sé aukin rekstrarkostnað en aukna hæfni til að bregðast við breytingum. Þó er reynsla annara sú að breytingar eiga sér mest stað á fyrstu mánuðum á nýju kerfi, þar sem samfélagið aðlagast nýju kerfi mjög hratt.

Gjaldtaka við sorphirðu, sorpmóttöku og sorpeyðingu

Flest sveitarfélög hafa innleitt „val um tunnustærð“ sem grunn gjaldtöku til þess að mæta skyldum í lögum um sérstaka söfnun. Veikleiki þess kerfis er að ekkert mat er gert á innihaldi – hvorki rúmmál né vigtn – og því litlir hvatar fyrir heimili til að draga úr óflokkaða úrgangi nema með minni tunnu (t.d. 140 l). Þá er árgjald yfirleitt ekki hærra en svo að hvati af minni tunnu er sáralítill, eða að flokkunarhvati er þá meiri en svo að höfða til umhverfissjónarmiða. Fæst sveitarfélög hafa farið í vigtn tunna við húsvegg, sem gefur nákvæmari mynd af úrgangslosun hvers heimilis. Þetta kerfi, oft samsett með RFID-merkingum, byggir á raunverulegri vigtn og skráningu og hefur dregið verulega úr urðun þar sem það hefur verið gert. Kostnaðurinn við slíkt kerfi er metinn 6–12 m.kr. samkvæmt athugun og er þá munur á innlendri og erlendri þjónustu.

Við móttökustöð er æskileg vigtn á gáma/göfugum tækjum sem er aðgerð sem mælir magn og eykur réttmæti gjaldtöku. Klippikort eru víkjandi aðferð og þykir hafa ágalla sem erfitt hefur reynst að aðlaga. Bílavogir kosta um 25 m.kr uppsettar en auðvelt er að sjá fyrir sér gaffalvogir sem starfsmaður skráir úrgang jafnóðum með viðskiptavin (notanda). Með því væri hægt að finna rétt magn og verð á þeim flokkum sem bera gjald. Slíkur búnaður gæti verið uppkominn fyrir 3 m.kr..

Gjaldskrár sveitarfélagana eiga að endurspegla þann kostað sem verður eftir hjá þeim sem losar sig við úrganginn en mesta áskorunin hefur verið að finna þann raunkostað þegar rekstrarkostaður hefur verið tekin tiltekin, en hann hefur reynst mjög breytilegur og oft verst ófyrirséður að sögn flestra þeirra sem rætt hefur verið við. Viðhald, breytingar á kerfum og breytingar á skipulagi hefur haft þar mest að segja.

Úrvinnslusjóður

Hlutverk Úrvinnslusjóðs gagnvart íbúum er að jafna þann mun sem er í vegalengdum með flutningsjöfnun. Þá er einnig sérstaklega greitt úrvinnslugjald til þeirra sem sjá um þjónustu við endurvinnslu. Þetta eru tekjur sem þjónustuaðilar hafa aðgang að hjá Langesbyggð en flest sveitarfélög sem hafa farið í útboð nýlega hafa breytt þessu, og er sérstaklega kveðið á um slíkt í samningi við þjónustuaðila. Þó á að gera ráð fyrir að slíkt komi á sama stað niður í kostnaði ef allt er talið eðlilegt og sanngjarnt.

Sveitarfélög fá greiðslur fyrir sérstaka söfnun pappa/pappírs, plasts og lífræns úrgangs við heimili.

Til að mynda eru greiðslur fyrir 35 tonn af pappa/pappír úr Langanesbyggð um 1,2 m.kr. í flutningsjöfnun eftir skilagreinum og vottaðri endurvinnslu. Því ætti augljóst að vera að um stóran hluta kostaðar við flutning er að ræða.

Flokkar úrgangs og tillögur við ráðstöfun

Plast – Heimilisplasti er safnað við Háholt áður en það fer til flokkunar. Stærri hlutir teknir frá, óhreinindi fjarlægð og efni vigtuð og unnin. Plast frá rekstri fær sömu meðhöndlun.

Pappi og pappír – Heimilis- og bylgjupappi flokkaður, pressaður og pakkaður. Óhreinindi fjarlægð, blautur pappi/pappír tekin frá.

Óflokkaður úrgangur – Heimilisúrgangur fer til urðunar eða annarrar ráðstöfunar eftir framköllun. Rekstrarúrgangur flokkaður og endurvinnsluefni tekin í rétta farvegi.

Málmar – Flokkaðir í brotajárn, ál, kopar og aðrar gerðir. Brotajárn þjappað í gáma fyrir flutning.

Gler og postulín – Safnað, hreinsað og nýtt sem fyllingarefni þar sem við á.

Textíl – Flokkaður í nothæfan endurvinnanlegan flokk og annan flokk. Sett í plastpoka eða bundinn í minni bagga og flutt.

Spilliefni – Öllum spilliefnum safnað í spilliefnagám og flutt til frekari meðhöndlunar á Akureyri, höfuðborgarsvæðinu eða erlendis eftir aðstæðum og kostnaði.

Lífrænn úrgangur – Til sérstaks kafla hér á eftir.

Raftæki – Heimilistæki endurskoðuð, sundur tekin og flutt til endurvinnslu eða annarra ráðstafana eftir ástandi.

Nytjahlutir – Nothæfir hlutir settir á markað hjá sveitarfélaginu eða samkvæmt svæðisáætlun (t.d. SSNE-svæðið).

Heimilistæki – Heimilistæki skoðuð, sundur tekin, rúmmálsminnkun framkvæmanleg áður en til flutnings kemur.

Timbur (ómálað) – Ómáluðu timbri safnað, kurlað og nýtt sem jarðvegsbætiefni eða annað.

Málað timbur – Máluðu timbri fundinn farvegur eða urðað ef endurnýting tekst ekki.

Dekk og annað gúmmí – Safnað og pakkað eftir aðstæðum, flutt til meðhöndlunar.

Rúlluplast – Allt rúlluplast yfirfarið og hreinsað eftir aðstæðum, pressað og pakkað til endurvinnslu.

Garðaúrgangur – Safnað og losað á sérstökum losunarstöðum.

Tillögur umhverfisfulltrúa til úrgangsstjórnunar í Langesbyggð

Umhverfisfulltrúi gerir hér tillögur til sveitarstjórnar um ákvörðun í úrgangsstjórnun í númeraðri röð. Hver tillaga er útskýrð með aðgerð (1), markmiðum(a) og sjónarmiðum(b) sem standa að baki tillögunni.

Lagt er til að sveitarstjórn taki til umræðu og ákvörðun um eftirfarandi tillögur:

- Að stofna sérstakt félag/stofnun fyrir úrgangsstjórnun sem gerist þjónustuaðili hjá Úrvinnslusjóði og Langesbyggð.
 - Að hafa betri yfirsýn og stjórn á úrgangsmálum og ná fram hagræðingu.
 - Sér félag fyrir málaflökkinn gerir alla yfirsýn aðgengilegri og greinilegri frá öðrum málefnum umhverfismála. Einnig er auðveldara að sameina slík félög við samlög ef slíkar ákvarðanir verða teknar.
- Að taka afstöðu til eignarhalds á móttökustöð á Þórshöfn
 - Hvort nýtt félag eignist húsnæðið eða greiði innri leigu eins og þekkt er í stofnanarekstri.
 - Ræða eignarhald og kosti þess með tilliti til þess að selja hið nýja félag á einum eða öðrum tímapunkti, taka inn meðeigendur eða leggja það inn í annað félag í sameign með öðru/m sveitarfélögum (sorpsamlag).
- Að veita stjórn nýs félags fjárveitingar til fjárfestinga í tækjabúnaði til úrgangspjónustu.
 - Að tryggja fé til fjárfestinga og innviðauppbýggingar að upphæð 50 m.kr á árinu 2026 í formi láns til félagsins sem verði uppgreitt að fullu að 25 árum liðnum.
 - Félagið þarf stofnfjárframlag til þess að fjárfesta og hefja rekstur, þróa hann áfram og endurskipuleggja úrgangsmál Langesbyggðar.
- Að ákveða farveg lífræns úrgangs með innleiðingu á kerfi svipuðu því sem þróað hefur í Strandasýslum og víðar, þar sem samsöfnun fer fram í fötum og jarðgert er í móttökustöð.
 - Að finna hagkvæmasta og umhverfisvænasta farveg fyrir lífrænan úrgang í Langesbyggð.
 - Þar sem ekki er greitt fyrir flutningsjöfnun á lífrænum úrgangi er allur flutningur beinn kostnaður þess sem úrgangi veldur. Einnig er óumhverfisvænn kostur að

aka langar vegalengdir, eins og til Eyjafjarðar, og útjarðgerð ekki augljós kostur enn sem komið er vegna aðstöðuleysis.

5. Að breytingar á gjaldskrárám verði samræmdar við önnur sveitarfélög á starfssvæði SSNE.
 - a. Að gjöld og tekjur fari saman og aðeins raunkostaður innheimtur af þjónustuþegum.
 - b. Innleiðing á fjölflokka kerfi krefst gjaldskrárbreytinga til að mæta nýjum kröfum um innheimtu í samræmi við raunkostnað.
6. Að sérstakt félag/stofnun fjárfesti í tækjum og búnaði til samsöfnunar og úrgangspjónustu allrar, og eiga og reka úrgangspjónustu í Langanesbyggð fyrir íbúa og lögaðila sem það kjósa.
 - a. Að veita úrgangspjónustu fyrir íbúa og lögaðila til að draga úr kostnaði sveitarfélagsins og auka tekjur þess í málaflökknum.
 - b. Sveitarfélögum sem hafa tekið yfir rekstur hefur tekist vel upp með að ná jafnvægi milli tekna og gjalda og náð einnig settum markmiðum í umhverfismálum.
7. Að semja við ÍGF um lok úrgangspjónustu fyrir sveitarfélagið án þess að þjónustuskerðing verði í sveitarfélaginu.
 - a. Sveitarfélagið muni verða þjónustuaðili úrgangsmála í Langanesbyggð.
 - b. ÍGF hefur undanfarið rekið þjónustu fyrir sveitarfélagið á skilyrðum útrunnins samnings og hafa ekki gert neinar sérstakar kröfur eftir að sá samningur rann út og veitt ágæta þjónustu. Því er ekki óeðlilegt að þeim sé veittur frestur til breytinga.
8. Veita nýju félagi og þjónustumiðstöð Langanesbyggðar leyfi til þess að hafa með sér samráð um starfsmannahald að hluta eða heild.
 - a. Hámarka samlegðaráhrif milli stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins
 - b. Verkefni milli stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins eru oft á tíðum víxlverkandi og álagstímar mismunandi. Því er mikill styrkur fólgin í að samnýta starfsmenn milli deilda eins og talið er henta hverju sinni, með breytingum á starfslýsingum og verkefnaskilgreiningum valina starfsmanna.

Almar Marinósson
Umhverfisfulltrúi Langanesbyggðar

Viðauki 1 – Rekstraryfirlit

Málaflokkur 2023	Deild	Bókhaldstykill	rekstur (kr.)	fyrra ár (kr.)	mism. (kr.)	mism. (%)	áætlun (kr.)	frávik (kr.)	frávik (%)
08 - Hreinlætismál	Total		-34.730.858		-34.730.858		-32.535.818	-2.195.040	-6,7%
	Gámasvæ	Total	-1.504.793		-1.504.793			-1.504.793	
		4385 - Aðkeypt vinna m/vsk.	-1.504.793		-1.504.793			-1.504.793	
	Sorphrein	Total					-368.062	368.062	100,0%
		4120 - Akstur og flutningur					-45.360	45.360	100,0%
		4385 - Aðkeypt vinna m/vsk.					-322.702	322.702	100,0%
	Sorphaug	Total					-1.472.685	1.472.685	100,0%
		4120 - Akstur og flutningur					-1.472.685	1.472.685	100,0%
	Sorpurður	Total	-8.110.774		-8.110.774		-1.793.925	-6.316.849	-352,1%
		0531 - Seld vinna m. 24% vsk	-305.460		-305.460		3.112.566	-3.418.026	-109,8%
		2810 - Áhöld,varahl. verkf.ofl.	-10.952		-10.952			-10.952	
		4120 - Akstur og flutningur	-1.867.845		-1.867.845			-1.867.845	
		4383 - Vinna frá Áhaldahúsi					-100.000	100.000	100,0%
		4710 - Ábyrgðartryggingar	-67.134		-67.134		-116.456	49.322	42,4%
		4890 - Önnur opinber gjöld	-290.000		-290.000		-249.165	-40.835	-16,4%
		4385 - Aðkeypt vinna m/vsk.	-5.569.383		-5.569.383		-4.440.870	-1.128.513	-25,4%
	Heilbrigði	Total	-884.481		-884.481		-3.124.619	2.240.138	71,7%
		0220 - Heilbrigðiseftirlitsgjald	1.714.155		1.714.155		-65.690	1.779.845	2709,5%
		5011 - Rekstrarsamningar	-2.598.636		-2.598.636		-3.058.929	460.293	15,0%
	Gámavöllu	Total	-10.163.904		-10.163.904		-7.469.471	-2.694.433	-36,1%
		2570 - Rafmagn	-913.989		-913.989			-913.989	
		4120 - Akstur og flutningur	-20.443		-20.443			-20.443	
		2150 - Vinnufatnaður					-8.474	8.474	100,0%
		4450 - Véla-, verkfæra og áhaldaleiga					-24.404	24.404	100,0%
		2810 - Áhöld,varahl. verkf.ofl.	-328.689		-328.689		-25.480	-303.209	-1190,0%
		2030 - Ritföng, pappír, bréfabindi					-498.299	498.299	100,0%
		4420 - Húsaleiga innri leiga	-1.636.284		-1.636.284		-1.636.284	0	0,0%
		4383 - Vinna frá Áhaldahúsi	-1.987.802		-1.987.802		-2.510.254	522.452	20,8%
		4385 - Aðkeypt vinna m/vsk.	-5.276.697		-5.276.697		-2.766.276	-2.510.421	-90,8%
	Sorphrein	Total	-14.066.906		-14.066.906		-18.307.056	4.240.150	23,2%
		0010 - Álagning ársins	15.860.870		15.860.870		13.937.374	1.923.496	13,8%
		0890 - Aðrar tekjur	1.524.793		1.524.793			1.524.793	
		4383 - Vinna frá Áhaldahúsi	-105.604		-105.604			-105.604	
		4380 - Aðkeypt vinna					-588.384	588.384	100,0%
		4385 - Aðkeypt vinna m/vsk.	-31.346.965		-31.346.965		-31.656.046	309.081	1,0%
Total			-34.730.858		-34.730.858		-32.535.818	-2.195.040	-6,7%

Málaflokkur 2024	Deild	Bókhaldstykill	rekstur (kr.)	fyrra ár (kr.)	mism. (kr.)	mism. (%)	áætlun (kr.)	frávik (kr.)	frávik (%)
08 - Hreinlætismál	Total		-24.112.413	-34.730.858	10.618.445	30,6%	-36.555.144	12.442.731	34,0%
	Heilbrigði	Total	680.724	-884.481	1.565.205	177,0%	-2.122.296	2.803.020	132,1%
		0220 - Heilbrigðiseftirlitsgjald	2.212.309	1.714.155	498.154	29,1%		2.212.309	
		5011 - Rekstrarsamningar	-1.531.585	-2.598.636	1.067.051	41,1%	-2.122.296	590.711	27,8%
	Gámasvæ	Total		-1.504.793	1.504.793	100,0%	-2.419.707	2.419.707	100,0%
		4385 - Aðkeypt vinna m/vsk.		-1.504.793	1.504.793	100,0%	-2.419.707	2.419.707	100,0%
	Sorpurður	Total	-4.697.558	-8.110.774	3.413.216	42,1%	-6.765.043	2.067.485	30,6%
		0531 - Seld vinna m. 24% vsk	2.034.060	-305.460	2.339.520	765,9%	2.934.732	-900.672	-30,7%
		4391 - Aðkeypt sérfr.þj. án vsk.	-135.200		-135.200			-135.200	
		9610 - Hlutdeild í sameiginlegum kost	-11.285		-11.285			-11.285	
		2810 - Áhöld,varahl. verkf.ofl.		-10.952	10.952	100,0%	-17.611	17.611	100,0%
		4710 - Ábyrgðartryggingar	-72.439	-67.134	-5.305	-7,9%	-71.968	-471	-0,7%
		4890 - Önnur opinber gjöld	-813.144	-290.000	-523.144	-180,4%	-466.320	-346.824	-74,4%
		4120 - Akstur og flutningur	-1.072.099	-1.867.845	795.746	42,6%	-2.405.890	1.333.791	55,4%
		4385 - Aðkeypt vinna m/vsk.	-4.627.451	-5.569.383	941.932	16,9%	-6.737.986	2.110.535	31,3%
	Gámavöllu	Total	-7.121.326	-10.163.904	3.042.578	29,9%	-11.075.131	3.953.805	35,7%
		0531 - Seld vinna m. 24% vsk	1.588.594		1.588.594			1.588.594	
		0592 - Selt rafmagn 24% vsk.	654.030		654.030			654.030	
		2015 - Tölvukostnaður	-93.137		-93.137			-93.137	
		4050 - Póstburðargjöld	-2.250		-2.250			-2.250	
		4240 - Fargjöld,dvalarkostnaður,fæði	-114.864		-114.864			-114.864	
		4380 - Aðkeypt vinna	0		0			0	
		4450 - Véla-, verkfæra og áhaldaleiga	-17.936		-17.936			-17.936	
		4120 - Akstur og flutningur		-20.443	20.443	100,0%	-4.071	4.071	100,0%
		2810 - Áhöld,varahl. verkf.ofl.		-328.689	328.689	100,0%	-145.821	145.821	100,0%
		2570 - Rafmagn	-899.506	-913.989	14.483	1,6%	-453.522	-445.984	-98,3%
		4420 - Húsaleiga innri leiga	-3.020.496	-1.636.284	-1.384.212	-84,6%	-1.754.096	-1.266.400	-72,2%
		4383 - Vinna frá Áhaldahúsi	-3.388.110	-1.987.802	-1.400.308	-70,4%	-2.412.423	-975.687	-40,4%
		4385 - Aðkeypt vinna m/vsk.	-1.827.651	-5.276.697	3.449.046	65,4%	-6.305.198	4.477.547	71,0%
	Sorphrein	Total	-12.974.253	-14.066.906	1.092.653	7,8%	-14.172.967	1.198.714	8,5%
		0010 - Álagning ársins	18.166.780	15.860.870	2.305.910	14,5%	18.081.390	85.390	0,5%
		0531 - Seld vinna m. 24% vsk	-22.984		-22.984			-22.984	
		0890 - Aðrar tekjur	1.230.510	1.524.793	-294.283	-19,3%		1.230.510	
		2810 - Áhöld,varahl. verkf.ofl.	-60.800		-60.800			-60.800	
		4383 - Vinna frá Áhaldahúsi		-105.604	105.604	100,0%	-169.811	169.811	100,0%
		4385 - Aðkeypt vinna m/vsk.	-32.287.759	-31.346.965	-940.794	-3,0%	-32.084.546	-203.213	-0,6%
Total			-24.112.413	-34.730.858	10.618.445	30,6%	-36.555.144	12.442.731	34,0%

Viðauki 2 – Myndir af sorpbíl með kar undir lífrænan úrgang



Viðauki 3 – Hreyfinngarlistar yfir tekjur sorphirðu- og sorpeyðingargjalda

Þetta inniheldur einnig fjárhagsreikninga sem hafa bara stöðu.

Fjárhagsreikningur: Nr.: 0010, Dags.afmörkun: 01.01.23..31.12.23, Altæk vidd 1 - Afmörkun: 0821

Hreyfing						
Númer fylgiskjals	Lýsing	VSK-upphæð	Debet	Kredit	Staða	Deild
0010	Álagning ársins				0	
01.01.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-1.321.739	0821
01.02.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	15.860.870	-17.182.609	0821
01.02.23	FB230001	Mótfærsla kostnaðardre	0	15.860.870	-1.321.739	0821
01.02.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-2.643.478	0821
01.03.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-3.965.217	0821
01.04.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-5.286.956	0821
01.05.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-6.608.695	0821
01.06.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-7.930.434	0821
01.07.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-9.252.173	0821
01.08.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-10.573.912	0821
01.09.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-11.895.651	0821
01.10.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-13.217.390	0821
01.11.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.739	-14.539.129	0821
01.12.23	FB230001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.321.741	-15.860.870	0821
	Álagning ársins	0	15.860.870	31.721.740	-15.860.870	
	2023					

2024

Þetta inniheldur einnig fjárhagsreikninga sem hafa bara stöðu.

Fjárhagsreikningur: Nr.: 0010, Dags.afmörkun: 01.01.24..31.12.24, Altæk vidd 1 - Afmörkun: 0821

Hreyfing						
Númer fylgiskjals	Lýsing	VSK-upphæð	Debet	Kredit	Staða	Deild
0010	Álagning ársins				0	
01.01.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-1.512.473	0821
01.02.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	18.149.680	-19.662.153	0821
01.02.24	FB240001	Mótfærsla kostnaðardre	0	18.149.680	-1.512.473	0821
01.02.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-3.024.946	0821
01.03.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-4.537.419	0821
01.04.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-6.049.892	0821
01.04.24	FB240011	Sorp- og urðunargjald 2	0	28.386	-6.078.278	0821
01.05.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-7.590.751	0821
01.06.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-9.103.224	0821
01.06.24	FB240014	Sorp- og urðunargjald 2	0	22.914	-9.126.138	0821
01.07.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-10.638.611	0821
01.07.24	FB240021	Sorp- og urðunargjald 2	0	34.200	-10.604.411	0821
01.08.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-12.116.884	0821
01.09.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-13.629.357	0821
01.10.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-15.141.830	0821
01.11.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.473	-16.654.303	0821
01.12.24	FB240001	Sorp- og urðunargjald 2	0	1.512.477	-18.166.780	0821
	Álagning ársins	0	18.183.880	36.350.660	-18.166.780	